

Kæru forráðamenn nemenda unglingadeildar Sjálalandskóla

Nú stýttist í skólabyrjun en undirbúningur skólastarfsins er nú í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem brenna á mörgum svona í upphafi skólaársins.

Breytingar á skólaárinu 2016-2017

Á skólaárinu 2016-2017 mun verða nokkrar breytingar og nýjungar hjá nemendum okkar á unglingastigi. Skóladagur nemenda unglingadeildar er óbreyttur frá því sem áður var en allir nemendur skólans munu hefja nám kl. 8:15 á morgnana en skólastigin ljúka skóladeginum á mismunandi tímum. Skóladegi nemenda á unglingastigi lýkur á eftirfarandi tímum:

Mán-,þri- og fimmtudaga kl. 14:10

Miðvikudaga kl. 14:55

Föstudagar kl. 13:25

Þann 2. nóvember verður uppbrotsdagur hjá nemendum unglingadeildar. Útfærslan og skipulag verður unnið í samráði við nemendur nú strax á haustdögum.

Samræmd próf verða að þessu sinni hjá 9. og 10. bekk þann 7., 8. og 9. mars 2017. Á skólaárinu 2016-2017 munum við ljúka innleiðingarferli á nýrri Aðalnámskrá grunnskóla sem hefur í för með sér nokkra breytingu á námsmati. Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök aðalnámskrárinnar og nú verða nemendur metnir skv. sk. hæfniviðmiðum en fyrirkomulagið verður útskýrt nánar á námskynningum í september. Ekki verða um sérstakir prófadagar á skólaárinu, nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Í lok skólaársins eða 22. maí – 2. júní, vinna nemendur að lokaverkefni sem ýmist geta verið einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnin eru hluti af þemakennslu og verða metin til einkunna. Kynningar verða á lokaverkefnum nemenda þann 2. júní 2017.

Kynningarfundir nýnema og forráðamanna

Allir **nýir nemendur** unglingadeildar Sjálalandskóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á kynningarfund áður en skólinn hefst en hann verður haldinn fimmtudaginn 18. ágúst kl. 18:00.

Í Sjálalandskóla er hefð fyrir því að skólabyrjun hefjist með forelora- og nemendaviðtölum þar sem nemendur og forráðamenn þeirra eiga stuttan fund með sínum umsjónakennara. Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 23. ágúst en kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst.

Umsjónarkennarar munu hafa samband við forráðamenn á tímabilinu 17. – 19. ágúst og boða í viðtölin. Skóladagatal fyrir skólaárið, upplýsingar um innkaupalista ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á heimasíðu Sjálalandskóla.

Skólamatur

Hægt er að kaupa hádegismat fyrir nemendur hjá skolamat.is. Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á heimasíðu skólamatar <http://www.skolamat.is/verdskra/verdskra-gardabaer>. Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en nánari upplýsingar verða sendar frá Skólamat í lok vikunnar. Skólamatur verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 24 ágúst.

Mjólkuráskrift

Í vetur verður vatn borið fram með hádegismatnum og mjólkuráskrift verður þar með hætt.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri